

Endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

Greinargerð með tillögum um breytingar á reglugerðinni

Nefnd um endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra 12. júlí 2013.

Nefndin var þannig skipuð:

Laufey Hannesdóttir, formaður, og Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, skipuð án tilnefningar.

Lúðvík E. Gústafsson, sérfræðingur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður aðalfulltrúi, tilnefnd af Samtölum atvinnulífsins, Guðbergur Rúnarsson, verkfræðingur, fulltrúi án atkvæðisréttar, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins,

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi,

Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur, tilnefndur af Umhverfisstofnun,

Sigurjón N. Kjærnested, verkfræðingur, tilnefndur af Samorku.

Þann 12. maí 2014 var Stefán Einarsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, skipaður formaður nefndarinnar í stað Laufeyjar Hannesdóttur.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að tilgangur með endurskoðuninni að einfalda ákvæði reglugerðarinnar og gera hana skýrari. Þá eru upplýsingar um fráveitur af skornum skammti og þarf að laga það og bæta úr skráningu. Setja þarf viðmiðunargildi um efnainnihald skólps sem losað er frá iðnaðarstarfsemi í fráveitur. Skerpa þarf á ábyrgð leyfishafa starfsleyfa fyrir iðnaðarstarfsemi um hreinsun frárennslis og tengsl við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Stefnt er að því að endurskoðuð reglugerð verði öflugt tæki til að vernda vatnsgæði og lífríki á losunarsvæðum fráveitna, auka líftíma fráveitna og heilsufar íbúa. Nefndin leitar til annarra sem hagsmuna eiga að gæta svo sem Bændasamtaka Íslands og Landssambands sumarhúsaeigenda.

Samantekt og ábendingar

Í eftirfarandi texta er fjallað um uppbyggingu og innihald draga að endurskoðaðri reglugerð og farið yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið. Getið er breytinga sem lagt er til að gerðar verði á öðrum reglugerðum og sagt frá samráði við hagsmunaaðila.

Uppbygging og ákvæði reglugerðarinnar

Reglugerðardrögin skiptast í átta kafla og sex viðauka. Leitast er við að haga uppröðun efnis, kaflaskiptingu og heiti kafla og greina þannig að auðvelt sé að finna þau ákvæði sem leitað er að.

Kaflar reglugerðarinnar eru: I. kafli, Markmið, gildissvið og skilgreiningar; kafli II sem mælir fyrir um ábyrgð umsjónaraðila; III. kafli, Hreinsun skólps; IV. kafli, Hönnun og staðsetning fráveitu; V. kafli, Innra eftirlit; VI. kafli, Skráning og skýrslugjöf; VII. kafli, Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög, og VII. kafli, Lagastoð, gildistaka o.fl.

Í viðaukum eru nánari útlistun á ákvæðunum, þ.e. töflur með losunarmörkum, viðmiðanir um hvaða svæði skuli talin viðkvæm eða síður viðkvæm, ákvæði um viðmiðunaraðferðir fyrir eftirlit og mat á niðurstöðum, leiðbeinandi listi og viðmiðunargildi fyrir þætti spillt geta fráveitubúnaði og/eða virkni hreinsibúnaðar og viðmið við flokkun og vöktun síður viðkvæmra svæða.

Í endurskoðaðri reglugerð er leitast við að forðast að endurtaka eða taka upp ákvæði sem er að finna annars staðar í lögum eða reglugerðum. Má þar nefna ákvæði um skyldur sveitarfélaga skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna og ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfi og eftirlit

Í greininni er skilgreint eftirlitshlutverk heilbrigðisnefnda og hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi rafræna skrá um fráveitur og flokkun á viðkvæmum og síður viðkvæmum svæðum.

Í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999, um starfleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er gerð krafa um að tiltekin starfsemi þurfi að hafa starfsleyfi. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi skv. lögnum. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir fráveitur og hafa eftirlit með þeim. Í starfsleyfum er kveðið á um skyldur rekstraraðila og skal þar m.a. sett ákvæði um frárennsli frá starfseminni.

Ákvæði um hreinsun skólps

Í tillögu að nýrri reglugerð eru ákvæði um hreinsun skólps sett fram í sérstökum kafla (III). Ákvæðin skiptast í fimm greinar: Meginregla um hreinsun skólps (5. gr.), hreinsun skólps á viðkvæmum svæðum (6. gr), hreinsun skólps á síður viðkvæmum svæðum (7. gr.), viðunandi hreinsun skólps (8. gr) og iðnaðarskólp (11. gr.).

Munur er á þessum ákvæðum vegna mismunandi magns skólps, þ.e. stærðar fráveitunnar, vegna mismunandi viðkvæmni svæða og vegna mismunandi eðlis skólpsins, þ.e. sérstök ákvæði gilda um skólp frá iðnaði.

Meginreglan um hreinsun (5. gr.) er skilgreind með tilvísun í viðauka I þar sem fram koma losunarmörk með tilliti til lífræns efnis (mælt sem líffræðileg og efnafræðileg súrefnisþörf, BOD og COD) og svifagna í frárennsli. Í greininni eru einnig ákvæði um frárennsli frá einstökum húsum þar sem frárennsli er ekki veitt í fráveitur og ákvæði um hálend og/eða köld svæði þar sem örðugt reynist að beita líffræðilegri hreinsun.

Frávik eru frá meginreglunni í 5. gr., annars vegar þar sem viðtaki er skilgreindur sem viðkvæmur fyrir áburðarefnum, þ.e. fosfór og/eða köfnunarefni (6. gr.), og hins vegar þar sem viðtakinn er síður viðkvæmur fyrir innstreymi lífræns efnis, svifagna og áburðarefna (7. gr.).

Kröfur um hreinsun skólps á viðkvæmum svæðum (6. gr.) eru skilgreindar með tilvísun í viðauka II þar sem fram koma losunarmörk fyrir heildarstyrk fosfórs og köfnunarefnis í frárennsli. Taflan er í samræmi við töflu í reglugerðinni um fráveitur og skólp, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 450/2009. Miðað er við 50 persónueiningar líkt og gert er í reglugerð nr. 450/2009. Viðmiðið, 50 persónueiningar, er einnig jafnt viðmiði fyrir skilgreiningu á þéttbýli, sbr. lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Þetta ákvæði gengur mun lengra en í tilskipuninni, þar sem miðað er við 10000 persónueiningar. Þannig var þetta ákvæði einnig í reglugerðinni um fráveitur og skólp, áður en því var breytt árið 2009. Eftir breytinguna voru hins vegar tvær töflur og viðmið um hreinsun á viðkvæmum svæðum í reglugerðinni, þar sem annars vegar var miðað við 10000 persónueiningar og hins vegar hreinsikröfur um hreinsun skólps frá svæðum utan þéttbýlis, eins og það er orðað í reglugerðinni. Þessar kröfur miðast hins vegar við 50 persónueiningar eða fleiri, sem er skilgreiningin á þéttbýli.

Lagt er því til að í endurskoðaðri reglugerð verði einungis ein tafla, sem miðast við 50 persónueiningar. Lagt er einnig til að í greininni um hreinsun á viðkvæmum svæðum komi einnig fram að þessi krafa um hreinsun eigi ekki við ef sýnt er fram á að slík viðbótarhreinsun hafi engin umhverfisbætandi áhrif. Með því næst sveigjanleiki til þess að aðlaga kröfur að aðstæðum á hverjum stað.

Kröfur um losun á síður viðkvæmum svæðum (7. gr.) miðast eins og áður við skilgreiningu tilskipunarinnar. Ákvæðið er skýrari en áður, þar sem hreinsikrafan kemur fram í greininni, sem var áður með tilvísun í skilgreiningakafla reglugerðarinnar. Líkt og áður er vitnað til þess að síun frárennslis sé sambærilegt við þessa hreinsun. Lagt er hins vegar til að síunin verði

nánar skilgreind þannig að möskvastærð (stærð loftops í ristum) sé í mesta lagi 3 mm. Þessi grófleiki er jafn því sem notaður hefur verið við síun frárennslis á höfuðborgarsvæðinu. Nefndinni er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið rannsóknir á möskvastærð og áhrifum skólps á viðtaka hérlendis. Meiri upplýsingar liggja hins vegar fyrir um frárennslið frá höfuðborgarsvæðinu og viðtakann í Faxaflóa en önnur fráveitukerfi og viðtaka á landinu.

Sérstök ákvæði um viðeigandi hreinsun eru um minni fráveitur (8. gr.), þ.e. skólþ sem nemur færri en 2000 persónueiningar sem losað er um fráveitu í ferskvatn og ármynni og skólþ sem nemur færri en 10000 persónueiningar sem losað er um fráveitu í strandsjó. Gerð tillaga um að í slíkum tilvikum gildi a.m.k. lágmarkskrafa um hreinsun, þ.e. síun eða rotþró, sbr. kröfur sem gerðar eru á síður viðkvæmum svæðum (7. gr.). Vísað er til þess að sveitarstjórn geti kveðið nánar á um kröfur um hreinsun í samþykktum settum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Hönnun hreinsivirkja og staðsetning fráveitu

Í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ, eru ákvæði í fylgiskjölum 1 og 2 um gæða- og umhverfismarkmið fyrir hámarksmengun og umhverfismörk fyrir saurmengun.

Í drögum að nýrri reglugerð er lagt til að þessi fylgiskjöl verði felld út og þess í stað stuðst við reglugerðir sem nú gilda um gæði vatns, álagsgreiningu, umhverfismörk og heilnæmi. Einnig er vísað til reglna um skipulag og hlutverk sveitarstjórna sem taka ákvarðanir um hvernig fráveitu og hreinsivirki skuli háttáð.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skal sveitarstjórn gera grein fyrir í aðalskipulagi og deiliskipulagi hvernig fráveitu og hreinsivirki skuli háttáð, m.a. hvar mannvirki, þar með taldar lagnir og útrásir, skuli liggja. Í drögum að nýrri reglugerð er lagt til að það sé ábyrgð sveitarfélaga að ákveða staðsetningu fráveitu, þ.m.t. staðsetningu útrásar. Þegar ákvörðun um útrás er tekin, skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og annarra hagsmuna á svæðinu, s.s. útivistar, fiskeldis, fiskveiða, kræklingaeldis, skelfisktínslu, vatnsbóla o.s.frv.

Við þessa ákvörðun skal tekið tillit til reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Reglugerðin mælir fyrir um flokkun yfirborðsvatns í vatnshlot og skiptingu grunnvatns í grunnvatnshlot. Jafnframt að álagsgreina skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og koma skuli upp vöktunarneti fyrir yfirborðs- og grunnvatn.

Einnig skal miða við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerðin gildir um flokkun vatns, gæðamarkmið og umhverfismörk, losunarmörk vegna ýmissa efna og efnasambanda í vatn, og tekur til hvers konar atvinnurekstrar. Í fylgiskjali við reglugerðina eru skilgreind umhverfismörk fyrir ástand vatns og í viðauka eru listar yfir efni

og efnaflokka og skilgreindar umhverfisgæðakröfur fyrir forgangsefni og tiltekin önnur mengunarefni.

Varðandi útivist skal tekið tillit til reglugerðar nr. 406/2015 um baðstaði í náttúrunni. Í reglugerðinni eru settar viðmiðanir fyrir heilnæmi og gæði baðvatns á baðstöðum í náttúrunni, þ.m.t. eru viðmiðunarmörk fyrir gerla bæði í sjó og ferskvatni.

Breytingar frá eldri reglugerð

Ný lög og reglugerðir hafa verið sett og breytingar gerðar eftir tilkomu reglugerðarinnar um fráveitur og skólþ árið 1999. Lagðar eru því til breytingar til einföldunar reglugerðarinnar sem eru orðnar tímabærar vegna þessa breytta umhverfis. Einnig eru felld út tímabundin ákvæði sem nú eru útrunnin.

Ekki er lengur þörf á ákvæðum um fráveitukerfi og lagnir (sbr. greinar 9, 16 og 17 reglugerðar nr. 798/1999) því tekið er á þessum þáttum í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Ekki er þörf á sérstakri grein um seyru (sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 798/1999) þar sem þessi ákvæði er að finna í 5. og 6. grein reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Ekki er þörf á viðauka III með lista yfir iðnaðarstarfsemi. Ákvæðið í reglugerðinni (25. gr.) og tilskipuninni (13. gr.) er tímabundið og miðast við tiltekin starfsemi sem losar meira en sem nemur 4000 persónueiningum í eigin fráveitu hafi lotið ákvæðum reglugerða og/eða leyfa í árslok 2000. Nægilegt er því varðandi endurskoðaða reglugerð að viðkomandi starfsemi sé starfsleyfisskyld og að kröfur um hreinsun komi fram í stafsleyfinu.

Lagt er til að fallið verði frá notkun hugtakanna „eins þreps hreinsun“, „tveggja þrepa hreinsun“ og „freakari hreinsun skólps (kallað þriggja þrepa)“. Kröfur um hreinsun skólps koma skýrt fram í reglugerðardrögum: Um er að ræða meginreglu (5.gr.) og tvær undantekningar frá þeim, varðandi viðkvæm (6.gr.) og síður viðkvæm svæði (7.gr.). Hugtökin gegna því ekki hlutverki við að skýra ákvæðin sem gilda um hreinsun skólps og gætu valdið misskilningi.

Ekki er lögð til breyting á ákvæðum sem falla undir meginreglu um hreinsun skólps. Ekki er heldur lögð til breyting á ákvæðum um hreinsun á skólpi í viðkvæma viðtaka. Ákvæðið er hins vegar gert skýrara með því að tiltaka í greininni að þau gilda um 50 persónueiningar og fleiri, en það kom aðeins fram í töflu áður. Þá er skýrara en áður að um getur verið að ræða viðtaka sem er viðkvæmur fyrir losun fosfórs eða köfnunarefnis eða svæði sem er viðkvæmt fyrir losun hvorra tveggja þessara efna.

Gerð er tillaga um nýja grein: Flokkun viðkvæmra og síður viðkvæmra svæða. Í greininni kemur fram að Umhverfisstofnun flokki síður viðkvæm svæði að fengnum tillögum frá

sveitarstjórnnum, sem er svipað því sem sagði í gildandi reglugerð. Jafnframt að Umhverfisstofnun flokki viðkvæm svæði og skilgreini þá mengunarþætti sem þau eru viðkvæm fyrir. Í gildandi reglugerð kemur ekki fram hver hafi þetta hlutverk og er þessu ákvæði ætlað að bæta úr því. Í greininni er einnig tiltekið að Umhverfisstofnun birti lýsingu á svæðum og skiptingu þeirra í venjuleg, viðkvæm og síður viðkvæm.

Lagt er til að ákvæði um þynningarsvæði sem er að finna í gildandi reglugerð um fráveitur og skólþ falli út. Lagt er til í reglugerðinni að sveitarstjórn taki ákvörðun um staðsetningu fráveitu, sbr. umfjöllun hér að framan, varðandi hönnun hreinsivirkja og staðsetningu fráveitna. Ekki er því gert ráð fyrir sérstöku þynningarsvæði heldur þarf staðsetning fráveitu að vera með þeim hætti að ákvæði viðeigandi reglugerða séu uppfyllt.

Viðmiðunargildi um efnainnihald skólps og tengsl við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Í tillögu að grein um iðnaðarskólþ (11. gr.) eru ákvæði um að iðnaðarskólþ, sem veitt er í hreinsivirki, skuli forhreinsað til að vernda heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur og einnig til að tryggja að fráveita verði ekki skemmdum, að hreinsun skólps truflist ekki og að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt, og að frárennslið spilli ekki umhverfinu. Í greininni er vísað í nýjan viðauka (V) sem lagt er til að bætt verði við reglugerðina. Í viðaukanum er leiðbeinandi listi og viðmiðunargildi fyrir þætti sem spillt geta fráveitubúnaði og/eða virkni hreinsibúnaðar. Í greininni er tiltekið að í starfsleyfi starfsleyfis skylds atvinnurekstrar skuli setja kröfur um hreinsun skólps í samræmi við þessi ákvæði.

Sérstakt ákvæði er um iðnaðarskólþ, með frárennsli sem er ekki veitt í fráveitu fyrir þéttbýli. Slík starfsemi er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi.

Bættar upplýsingar um fráveitur

Í grein um skráningu og skýrslugjöf (18. gr.) er lagt til að Umhverfisstofnun komi á fót og reki rafræna skrá um fráveitur. Rekstraraðilum verði gert að skila upplýsingum um búnað og rekstur fráveitna og heilbrigðisnefndum upplýsingar um stöðu eftirlits með búnaði og starfsemi einu sinni á ári. Búast má við að þessi tilhögun geti bætt upplýsingar um fráveitur til muna og jafnframt auðveldað rekstraraðilum og heilbrigðisnefndum upplýsingagjöfina, þar sem einungis þarf að uppfæra upplýsingar árlega eftir að grunnupplýsingar hafa verið færðar inn í skrána.

Tillögur um breytingar á öðrum lögum og reglugerðum

Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Í tillögu um breytta reglugerð er lagt til að skilgreiningu á persónueiningu verði breytt og hún færð til samræmis við skilgreininguna í tilskipunina um hreinsun skólps frá þéttbýli. Þetta þýðir að setningarhlutinn „næringarsalta og annarra efna“ fellur út, þ.a. persónueiningin miðist aðeins við lífrænt niðurbrotanlegt efni. Breyta þyrfti lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til samræmis við þetta.

Jafnframt þarf að endurskoða skilgreiningar á skólpi, húsaskólpi og iðnarskólpi til þess að auka á skýrleika þeirra.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er kveðið á um starfsleyfisskyldu vegna fráveitu. Þörf er á að samræma orðanotkun í reglugerðinni við skilgreiningar í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Í reglugerðinni er notað orðið skólphreinsistöð, en orðin hreinsivirki, dælu- og hreinsistöðvar í lögunum. Samkvæmt reglugerðinni eru allar skólphreinsistöðvar starfsleyfisskyldar og skiptast þær í eftirlitsflokka eftir stærð. Í þriðja flokki eru aðrar skólphreinsistöðvar, sem er safnflokkur og má skilja það sem svo að öll hreinsivirki séu starfsleyfisskyld, þ.m.t. rotþrær. Nefnin leggur til að þessi flokkun verði endurskoðuð þannig að skýrt verði hvaða fráveitur séu starfsleyfisskyldar. Þannig telur nefndin ekki þörf á útgáfu starfsleyfa fyrir að minni fráveitumannvirki og rotþrær.

Lagt er til að eftirfarandi atvinnurekstri verði bætt við fylgiskjal I við reglugerðina:

Framleiðsla ávaxta- og grænmetisafurða

Framleiðsla vínanda og áfengra drykkja

Framleiðsla á dýrafóðri úr jurtaafurðum

Framleiðsla gelatína (hlaupefnis) og líms úr húðum, skinni og beinum

Maltgerðarhús

Þessi tillaga er gerð í samræmi við tillögu um að skrá yfir tiltekna iðnaðarstarfsemi verði felld út úr reglugerðinni um fráveitur og skólpi.

Reglugerð nr. 799/2009 um meðhöndlun seyru

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn í reglugerð um meðhöndlun seyru:

„Rekstraraðilum fráveitna er skylt að skila upplýsingum um förgun seyru til

Umhverfisstofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Uppfæra skal upplýsingarnar fyrir 15. mars ár hvert, fyrir undangengið ár.“

Ákvæðið er til samræmis við 18. gr., um skráningu og skýrslugjöf.

Ábendingar og tillögur að öðrum breytingum

Þéttbýli við vatnsmiklar jökulár

Viðmið um hvaða svæði skuli talin síður viðkvæm svæði í tilskipuninni um hreinsun skólps frá þéttbýli takmarkast við strandsjó og ármynni. Þeir þættir sem taka skal til athugunar þegar síður viðkvæmi svæði eru tilgreind eru opnir flóar, ármynni og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Nefndin vekur athygli á því að svo hagar til að ákveðin miðlungsstór sveitarfélög standa við vatnsmiklar jökulár sem renna til sjávar. Sé vatnsstreymi ána borið saman við losun næringarefna og efna sem geta valdið súrefnisþurrð frá þessum sveitarfélögum eru sennilega litlar líkur á hættu á ofauðgun næringarefna eða súrefnisþurrð í ánum eða árósumum af völdum frárennslisins. Við þessar aðstæður gæti því verið nægilegt að sía frárennslid til þess að ná viðunandi hreinsun. Viðmið tilskipunarinnar varðandi síður viðkvæm svæði takmarkast hins vegar við strandsjó og ármynni. Kröfur um hreinsun frárennslis við vatnsmiklar jökulár gætu því verið óþarflega strangar miðað við hæfni ána til þess að taka við frárennslinu.

Nefndin beinir því sérstaklega til ráðuneytisins að kanna möguleika á að skoða möguleika á að í undantekningartilvikum væri unnt að samþykkja að straumharðar og vatnsmiklar jökulár myndu flokkast sem síður viðkvæmir viðtakar.

Hafnir

Í gildandi reglugerð kemur fram í grein 9.2 að „óheimilt er að leiða skólþ þannig að frárennslisop opnist til hafna“. Hugtakið höfn er mjög víðtækt og gæti ákvæðið því að óbreyttu leitt til vandræða. Því er lagt til að orðalaginu verði breytt þannig: að „frárennslisop opnist ekki til innri hafna“. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að skólþ flæði inn í hafnir og mun nánari túlkun liggja hjá hverju sveitarfélagi og miðast við aðstæður á hverjum stað.

Endurskoðun orðalags

Í 19. gr. gildandi reglugerðar kemur fram að „magn þ.e. í skólpi skal reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um hreinsistöðina á ári að frádregnu því sem fellur til við óvenjulegar aðstæður, t.d. við stórrigningar“. Þannig er þetta einnig í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar um hreinsun skólps frá þéttbýli, sem greinin byggir á. Enskur texti tilskipunarinnar er hins vegar þannig: „The load expressed in p.e. shall be calculated on the basis of the maximum average weekly load entering the treatment plant during the year, excluding unusual situations such as those due to heavy rain.“ Það er skilningur nefndarinnar að með orðalaginu „excluding unusual situations...“ sé átt við að ekki eigi að taka með í útreikningana óvenjulegar aðstæður eins og miklar rigningar. Þetta er ekki það sama og að draga frá það magn sem verður til við þessar aðstæður. Því er lagt til að þessu orðalagi verði breytt, sbr. orðalag í 15. grein reglugerðardraganna: „Undanskildar eru óvenjulegar aðstæður sem kunna að skapast, svo sem vegna mikillar úrkomu.“

Mat á persónueiningum

Nefndin bendir á að flókið geti verið að meta iðnaðarskólþ með tilliti til ígildis persónueininga. Dæmi um slíka starfsemi er fiskvinnsla þar sem vinnsluvatnið er háð því hvaða fisktegund er verið að vinna, aldri hráefnis o.fl. Þörf er leiðbeininga um þetta og leggur nefndin til að Umhverfisstofnun verði fengin til að semja slíkar leiðbeiningar.

Samráð við hagsmunaaðila

Nefndin hafði samband við Bændasamtök Íslands og Landsamband sumarhúsaeigenda.

Á fundi með Sveini Guðmundssyni formanni Landssambands sumarhúsaeigenda kom fram að sumarhús á landinu eru um 14 000 talsins. Miðað við að 8 einstaklingar tengist jafnaði hverju húsi, er um stóran hagsmunahóp að ræða. Sveinn ræddi fyrirkomulag varðandi tæmingu á rotþróum. Sumarbústaðaeigendur sinntu þessu sjálfir þar til ákveðið var án samráðs við sumarhúsaeigendur að sveitarfélögin sjái um tæmingu á 3ja ára fresti. Gjaldið sé nefskattur en ekki gjald í samræmi við kostnað. Sem dæmi var tekið að ef 10 sumarhús sameinast um rotþró er rukkað fyrir hvert hús en ekki tæmingu rotþróarinnar. Miða ætti gjaldið við rotþróna sem er tæmd. Einnig er regluleg tæming á 3ja ára fresti óraunhæf, því mörg sumarhús eru mjög lítið notuð. Tæming gæti í þessum tilfellum einungis skaðað virkni rotþróarinnar.

Bændasamtökin töldu ekki þörf á fundi, en óskuðu eftir að fá drög að reglugerðinni send þegar þau verða tilbúin.

Nefndin bendir á að í 14. gr. reglugerðar nr. 799/2009 um meðhöndlun seyru kemur fram skylda ábyrgð sveitarstjórna á að koma á kerfisbundinni tæmingu rotþróa: *Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróum.*

Nefndin telur að kanna mætti að breyta reglugerðinni þannig að sumarhúsaeigendum yrði treyst til að láta tæma eigin rotþró.

Nefndin óskaði eftir álit Matvælastofnunar og Embættis landlæknis með bréfum dags. 13. desember 2013. Óskað var eftir álit á því hvaða áhrif kynnu að verða af því ef umhverfismörkum varðandi gerla, sbr. 10. og 11. gr. og fylgiskjal 2 yrði breytt svo sem til samræmis við ákvæði baðvatnstilskipunar ESB. Einnig var óskað eftir álit á að hafa mismunandi umhverfismörk saurmengunar eftir árstíma.

Í svari Matvælastofnunar kemur eftirfarandi fram:

1. Ákvæði 10. og 11. gr. 798/1999 samkvæmt ákvæðum í fylgiskjali 2 geta talist eðlileg að mati Matvælastofnunar, þ.e. að gera meiri kröfur til svæða sem þurfa á sérstakri vernd að halda s.s. vegna nálægðar við matvælaframleiðslu og/eða vegna útivistar.
2. Áhrif upptöku ákvæða baðvatnstilskipunar leiðir til verulegrar rýmkunar á umhverfismörkum frá núgildandi ákvæðum. Matvælastofnun telur að almennt séð sé óaskilegt að rýmka heimildir til losunar skólps í umhverfið vegna hugsanlegra áhrifa þess á matvælaframleiðslu og gæti hugsanlega takmarkað frekar nýtingu sjávar á strandsvæðum. Matvælastofnun vill benda nefndinni á að víða innan Evrópusambandsins er farið að gera kröfur til strandsvæða í samræmi við ákvæði Directive 113/2006 „on the quality required of

shellfish waters“, en samkvæmt henni eru gæði sjávar á strandsvæðum metin á mun ítarlegri máta en tíðkast hefur

3. Niðurstöður Matvælastofnunar úr heilnæmiskönnunum og í reglubundnu eftirliti með framleiðslusvæðum skelfisks benda til að magn saurmengunar geti verið hærra á veturna en á sumrin, en í flestum tilfellum er það tímabundið og virðist í meginatriðum fylgja veðurfarslegum þáttum s.s. vegna mikillar útskolunar af landi. Matvælastofnun telur að það sé óráðlegt að vera með hærra viðmið á veturna en á sumrin, sérstaklega ef umhverfismörkin verða rýmkuð t.d. til samræmis við baðvatnstilskipun.